

Ársskýrsla Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. árið 2014

Á árinu 2014 voru haldnir 10 stjórnarfundir auk aðalfundar, fundar um jarðgerð og samráðsfundar með verktökum. Í stjórn Sorpstöðvarinnar fyrir árið 2014-2015 voru kjörnir Ágúst Ingi Ólafsson, Egill Sigurðsson og Sigfús Davíðsson. Í varastjórn voru kjörin Ísólfrur Gylfi Pálmason, Ágúst Sigurðsson og Brynja Jónasdóttir.

Rekstur Sorpstöðvarinnar 2014

Rekstrartekjur Sorpstöðvarinnar námu rúmum 89,9 millj. kr. á árinu 2014, rekstrargjöld voru 74,8 millj. kr., fjármagnsgjöld kr. 787 þús. kr. og rekstrarniðurstaðan 14,2 millj. hagnaður. Afskriftir voru 5,7 millj. kr. Fjárfestingar á árinu 2014 námu 107,9 millj. kr. og tekið var nýtt langtímalán að fjárhæð 100 millj. kr. Afborganir langtímalána voru um 9,3 millj. kr. á árinu. Handbært fé í árslok 2014 var 1,4 millj. kr. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur námu 23,2 millj. kr. 2014 á móti 8 millj. kr. 2013. Eigið fé nam 59,7 millj. kr. í árslok 2014 á móti 45,5 millj. kr. í árslok 2013.

Rekstur Sorpstöðvarinnar gekk mun betur á árinu 2014 en á árinu 2013, sem skýrist af verulega auknum tekjum en sambærilegum kostnaði og árið 2013.

Framkvæmdir á Strönd

Unnið hefur verið að gerð deiliskipulags fyrir svæðið á Strönd. Það hefur verið unnið af Steinsholti ehf og nánari útfærsla á plönunum o.fl. hefur verið unninn af Marey ehf.

Byggt hefur verið um 900 m² móttökuhús og er þeirri byggingu að mestu lokið. Eftir er að ljúka við fáein atriði sem eftirlitið gerði athugasemdir við en ekki var hægt að ljúka vegna frosta í haust og vetur. Verktaki við bygginguna var Landstólpi ehf og eftirlit með framkvæmdunum hafði Verkfræðistofan VERKÍS, útibúið á Selfossi.

Vor- og hausthreinsun

Vorhreinsun fór fram dagana 20. maí til 16. júní og endurtekin 10.-15. júní vegna sérstakra óska um það. Gámar voru settir á valda staði í sveitarfélögunum og einnig var hægt að fá gám/gáma heim á bæi ef þar væri efni í fullan gám. Einnig var boðið uppá gáma með svipuðum hætti í svokallaðri „hausthreinsun“, sem fram fór 10.-20. október. Kostnaður af gámunum sem keyrðir voru út í sveitir var greiddur af viðkomandi sveitarfélögum, en flokkun úr gámunum að Strönd var á kostnað Sorpstöðvarinnar.

Móttaka sláturúrgangs á Strönd

Sorpstöðin hefur haft leyfi til að taka á móti allt að 800 tonnum af sláturúrgangi á Strönd. Nú liggur fyrir að í framtíðinni verður ekki hægt að taka á móti sláturúrgangi á Strönd nema að ganga frá botnþéttingum og söfnun sigvatns í urðunarreinum sem kallar á mikinn kostnað. Einnig er sá möguleiki að koma upp aðstöðu til jarðgerðar sem myndi minnka mikið þörfina fyrir urðun.

Jarðgerð á Strönd

Til að hægt sé að jarðgera á Strönd þarf að koma upp plönnum og gámum til jarðgerðar. Jarðgerð hefur frestast meðan verið er að koma upp aðstöðuhúsi, byggja plön o.fl.

Tæming rotþróa

Sveitarfélögin í Rangárþingi og Landgræðslan hafa samið um tilraunaverkefni varðandi afsetningu á seyru. Þar sem sveitarfélögin kalka seyruna og koma henni á valin svæði Landgræðslunnar.

Framkvæmdir framundan

Framundan er að ganga frá plönnum og gámastæðum á Strönd og gera alla aðstöðu á staðnum til fyrirmyndar.

Að lokum - þakkir

Að lokum þakkar stjórn Sorpstöðvarinnar starfsmönnum, sveitarstjórum, sveitarstjórnnum, verktökum og öðrum sem hafa verið að vinna að þessum málum með stjórninni fyrir gott samstarf á árinu.